



UNICEF - BARNAHJÁLP SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA - STÆRSTU HJÁLPARSAMTÖK FYRIR BÖRN Í HEIMI

Nokkrar staðreyndir um UNICEF:

- Var stofnað árið 1946 og fékk friðarverðlaun Nóbels árið 1965.
- Starfar í 162 löndum og landsvæðum við að bæta hag barna.
- Vinnur að því að öll börn njóti réttinda sinna samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Vinnur að því að bæði börn og fullorðnir þekki Barnasáttmálann.
- Fær ekki fjármagn frá Sameinuðu þjóðunum en treystir á stuðning frá ríkisstjórnnum, fyrirtækjum og einstaklingum.
- Er hægt að styðja á ýmsan hátt. Til dæmis með því að veita frjáls framlög, gerast heimsforeldri eða kaupa UNICEF kort og aðrar vörur.



ÖLL BÖRN EIGA RÉTT

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Tryggjum hverjum barni
heilsuvernd, menntun, jafnrétti, umhyggju
EFLUM MANNÚÐ

unicef 



BARNASÁTTMÁLINN

Vissir þú að á þeim tíma sem það tekur þig að draga andann þá fæðast hundrað börn? Í heiminum búa nefnilega tveir milljarðar barna, en það er sjö þúsund sinnum fleiri en allir Íslendingar til samans.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er samningur um réttindi allra þessara barna, sama hvar þau búa. Samkvæmt honum er einstaklingur barn til 18 ára aldurs. Í Sáttmálanum stendur að öll börn í heiminum njóti sömu réttinda.

Hann segir líka til um hvernig koma eigi fram við börn, til dæmis að þau eigi ekki að þurfa að þola misþyrmingar eða misnotkun af nokkru tagi.

Gengið var frá Barnasáttmálanum árið 1989 og hefur hann verið staðfestur af öllum löndum í heiminum nema tveimur. Á Íslandi var hann samþykktur árið 1992. Þegar yfirvöld hafa samþykkt og skrifað undir Sáttmálann er þeim skylt að fara eftir þeim reglum sem í honum standa.





BÖRN EIGA RÉTT Á HEILBRIGÐU LÍFI

Öll börn eiga rétt á:

- að lifa heilbrigðu lífi
- ást og umhyggju
- fullnægjandi lífsgæðum, heimili og nóg af hollum mat
- eins góðri lækniþjónustu og mögulegt er

24. grein Barnasáttmálans:

„Aðildarríki viðurkenna rétt barns til að njóta besta heilsufars sem hægt er að tryggja, og aðstöðu til lækni meðferðar og endurhæfingar.“

Kaufi Christiane er tíu ára stúlka sem býr með fjölskyldu sinni í þorpi í Ghana. Eins og flestar stúlkur í Ghana hefur hún skyldum að gegna heima fyrir. Eitt af verkefnum Kaufi er að sækja vatn. Áður fyrr þurfti hún að ganga næstum einn kílómetra að næstu á. Verst var að vatnið í ánni var heilsuspillandi og margir í þorpinu veiktust. Með hjálp UNICEF var byggður brunnur í þorpinu, þannig að nú þarf Kaufi ekki að ganga alla þessa leið og þorpsbúar fá allir hreint og ferskt vatn.





BÖRN EIGA RÉTT Á MENNTUN OG FRÍTÍMA

Öll börn eiga rétt á:

- að halda persónulegum tengslum og beinu sambandi við foreldra sína með reglubundnum hætti, jafnvel eftir aðskilnað frá foreldri eða foreldrum sínum
- að fá umhyggju, ást og skjól hjá foreldrum sínum eða öðrum aðstandendum
- öruggri ættleiðingu ef ættleiðing er nauðsynleg
- ókeypis grunnskólagöngu
- fræðslu um frið, ágreining, umburðarlyndi, mannréttindi og hvernig bera á virðingu fyrir umhverfi sínu
- frítíma og tómstundum, að stunda leiki og skemmtanir sem hæfa aldri þeirra, og til frjálsrar þátttöku í menningarlífi og listum
- að iðka trú sína og tala móðurmál sitt
- frjálsri hugsun og eigin skoðunum
- aðstoð við að lifa mann-sæmandi lífi ef þau eiga við fötlun að stríða

28. grein Barnasáttmálans:

„Öll börn eiga rétt á skólagöngu og menntun.“

Sansari er 10 ára stúlka frá Nepal. Foreldrar hennar eru svo fátækir að þeir hafa ekki efni á að hafa öll börnin sín heima. Fyrir tveimur árum „gáfu“ þeir Sansari til fjölskyldu í öðru þorpi. Þar var hún ráðin sem vinnukona. Sansari fer á fætur klukkan sex á hverjum morgni, vinnur húsverkin og passar börnin til níu á kvöldin. Þrátt fyrir mikla vinnu finnst Sansari hún vera heppin. Í tvo tíma á hverjum degi fær hún nefnilega að fara í skóla. Skólinn er byggður með fjárhagslegri aðstoð UNICEF og er fyrir vinnandi börn eins og Sansari.

BÖRN EIGA RÉTT Á UMHYGGJU OG VERND

Öll börn eiga rétt á:

- vernd gegn mismunun
- einkalífi
- vernd gegn illri meðferð og misnotkun
- sérstakri vernd í stríði, við neyðaraðstæður eða við aðskilnað frá fjölskyldum sínum eða heimili
- sérstakri vernd ef þau hafa brotið lög
- vernd gegn ómannúðlegum aðstæðum, t.d. barnaþrælkun, eiturlyfjasölu, kynferðislegri misnotkun, misþyrmingu og brottnámi frá heimili
- vernd gegn pyntingum eða annarri grimmilegri og ómanneskjulegri meðferð

38. grein Barnasáttmálans:

„Vernda á öll börn gegn stríði og herskyldu.“

James er 16 ára strákur frá bæ í Síerra Leóne. Hann hefur ekki séð fjölskyldu sína í sex ár. Tíu ára gamall var hann tekinn til fanga af skæruliðum og þvingaður til að berjast með þeim. Skæruliðarnir gáfu honum vímuefni svo auðveldara yrði fyrir hann að framkvæma stríðsverkin. Í borgarastríðinu í Síerra Leóne eru mörg börn hermenn eins og James. James tókst að flýja frá skæruliðunum en fær martraðir um það sem hann upplifði. Hann hlakkar til að hitta fjölskyldu sína aftur en er einnig órólegur yfir hvernig þau taka á móti honum eftir allt það sem hann hefur gert sem hermaður. UNICEF styrkir endurhæfingarmiðstöð fyrir barnahermenn í Síerra Leóne. Þar fær James hjálp við að vinna sig út úr öllu því hræðilega og vonda sem hann hefur upplifað. Endurhæfingarmiðstöðin gefur börnum eins og James tækifæri á að ganga í skóla og fá aðstoð við að finna fjölskyldur sínar aftur.



BÖRN EIGA RÉTT Á ÞÁTTTÖKU Í SAMFÉLAGINU

Öll börn eiga rétt á:

- nafni og þjóðerni
- að fá upplýsingar og öðlast þekkingu
- að tjá skoðanir sínar

12. grein Barnasáttmálans:

„Taka skal réttmætt tillit til skoðana barna í samræmi við aldur þeirra og þroska. Þau eiga rétt á að láta skoðanir sínar í ljós og eiga kröfu um að sjónarmið þeirra séu virt.“

Þið hafið eflaust oft heyrt frá fullorðnum að börn og unglingar séu framtíðin. En því miður er það oft þannig að sjónarmiðum barna er ýtt til hliðar þegar móta á stefnu hinna ýmsu málaflokka sem varða börn og unglinga. Umboðsmaður barna er talsmaður barna og unglinga á Íslandi og vinnur að því að bæta hag barna og standa vörð um réttindi þeirra. Hægt er að hafa samband við umboðsmanninn í gegnum vefsíðuna www.barn.is og koma þar fram með skoðanir á málefnum eins og einelti, útivistartíma, vímuefnavörnum, skólareglum, mannréttindum barna og fleira. Umboðsmaður barna getur síðan komið skoðunum ykkar á framfæri við kennara, stjórnámamenn og aðra opinbera aðila.



